



Dagsetning 30.9.2025
Málsnúmer IRN25080042

Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa

Alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn sunnudaginn 16. nóvember 2025. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og tileinkaður minningu þeirra sem hafa látist í umferðarslysum.

Að þessu sinni verður kastljósi dagsins beint að mikilvægi öryggisbeltanotkunar en samkvæmt nýlegum könnunum á vegum Samgöngustofu hefur bakslag orðið í notkun öryggisbelta, sérstaklega hjá ungum karlmönnum.

Minningarathöfn verður haldin samkvæmt venju á þyrlopallinum við Landspítalann kl. 14. Þar verður þeirra minnst sem látist hafa í umferðinni með mínútupögn, ávörp flutt og starfsfólki Landspítalans færður þakklætisvottur.

Á sama tíma verða táknrænar minningarathafnir haldnar víða um landið en þær eru skipulagðar af félögum og sveitum í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Dagana fyrir minningardaginn verður vakin athygli á málefnum tengdum umferðaröryggi. Fjallað verður um öryggisbeltanotkun og reynt að höfða sérstaklega til ungra karlmanna. Ljósi verður varpað á þessi mikilvægu skilaboð í fjölmiðlum, m.a. með viðtölum, myndböndum og kynningu á samfélagsmiðlum.

Einkennislag minningardagsins, When I Think of Angels, í flutningi KK og Ellenar, verður að venju flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum kl. 14. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992.

Við þökkum ykkur öllum fyrir kærlega fyrir virka þátttöku í minningardeginum á liðnum árum. Við hlökkum til samstarfsins í ár og óskum þess fá góðan stuðning við skipulagningu dagsins. Minningardagurinn er falleg hefð og mikilvæg áminning um hversu áriðandi það er að auka umferðaröryggi með betri samgöngumannvirkjum en ekki síður aukinni árvekni okkar sjálfra, vegfarenda í umferðinni.

Með kærri kveðju,


Eyjólfur Ármannsson,
innviðaráðherra.